

Ed.

207. Frumvarp til laga

[166. mál]

um frídaga sjómanna á fiskiskipum um jólin.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980).

1. gr.

Á tímabilinu 23.—27. desember ár hvert skulu allir sjómenn á íslenskum fiskiskipum eiga að minnsta kosti þriggja sólarhringa leyfi í heimahöfn skipsins.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er verið að efna loforð, sem gefið var í janúar 1979.

Upphaf málsins er, að í nóvember 1978 var dregið úr hækkun verðbóta á laun frá 1. desember 1978 með sérstökum lögum. Í þeim lögum var m. a. ákveðið, að 3% lækkun verðbóta skyldi mætt með úrbótum í félagslegum réttindamálum launafólks, og mun samráð hafa verið haft um málið við Alþýðusamband Íslands. Sjómannasamtökin töldu sig sniðgengin í þessu efni, og á kjaramálaráðstefnu sjómanna 8.—9. desember 1978, var samþykkt ályktun þar sem meðal annars er krafist, að lögfestir verði frídagar á öllum fiskiskipum yfir jólahelgina.

Þegar fiskverð var ákveðið um áramótin 1978/79 tóku fulltrúar sjómanna mál þetta upp við ríkisstjórnina. Átti forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins, Ingólfur Ingólfsson, m. a. viðræður við þáverandi forsætisráðherra, Ólaf Jóhannesson um málið á gamlársdag 1978.

Málið var síðan tekið fyrir á ríkisstjórnarfundum hinn 4. janúar 1979. Um nokkra liði var talið nauðsynlegt að hafa fyrirvara, en enginn slíkur var gerður við það atriði sem hér er ræðir. Var samþykkt að fagráðuneyti ynnu að framkvæmd mála á þeim grundvelli sem forsætisráðherra lagði þar fyrir.

Því miður hefur reynt erfiðara að framkvæma ákvæði um frídaga á öllum fiskiskipum yfir jólahelgina en talið var.

Með sérstökum samningum sjómanna og útvegsmanna og fiskveiðibanni á þessum tíma, er slíkt ákvæði raunar þegar komið til framkvæmda á fiskibátum og minni skuttogurum. Á stærri skuttogurum er svo hins vegar ekki. Útvegsmenn telja, að slíku jólafríi fylgi verulegt óhagræði fyrir útgerð togaranna, og jafnframt að slíkt muni valda vinnslunni vandræðum. Vafalaust er þetta rétt. Staðreyndin er hins vegar sú að slíkt jólastopp er framkvæmt á öllum minni skuttogurum án teljandi vandræða, sömuleiðis mun það verið talin sjálfsögð regla í öllum nágrannalöndum okkar að sjómenn á fiskiskipum séu í landi yfir jóladagana.

Fjöldmargir fundir hafa verið haldnir um þetta mál. Að beiðni sjávarútvegsráðherra hafa sjómenn og útvegsmenn sérstaklega um það fjallað. Því miður hefur samkomulag ekki tekist þrátt fyrir slíkar ítrekaðar tilraunir.

Til þess að efna það loforð, sem gefið var er þá ekki um annað að ræða, en að flytja þetta frumvarp um lögfestingu jólafrídaga sjómanna á fiskiskipum. Gert er ráð fyrir því að slíkir dagar verði þrír enda um þann fjölda frídaga samið milli útvegsmanna og sjómanna á minni skuttogurum.

Til þess að auðvelda útgerðarmönnum og vinnslustöðvum aðlögun að slíkum frídögum er jafnframt lagt til að þeir geti orðið á tímabilinu frá 23.—27. desember.